

Foreldrafélag Heilsuleikskólans Króks

Fundargerð 3. nóvember 2014

Mættir eru Jenný, Aron, Ármann, Lilja, Andrea, Þórkatla og Bylgja.

1. Útisvæði

Verið er að skoða hugmyndir varðandi samstarfsverkefni leikskólans og foreldra um útisvæði leikskólans. Hugmyndir eru um að útbúa kofa/leiktæki sem gerð eru úr endurnýtanlegum efnivið, sambærilegt og hefur verið gert í Selskógi og í leikskólanum Laut. Ef foreldrar eru með hugmyndir endilega verið í sambandi við stjórn foreldrafélagsins. Ármann tók að sér að athuga með leyfi varðandi framkvæmdir.

2. Foreldrafélagsmappa

Hugmynd var borin upp um að gera skrá fyrir hvern viðburð sem foreldrafélagið stendur fyrir og gert endurmat að viðburði loknum. Þannig er auðveldara að skipuleggja viðburði í náinni framtíð. Lilja tók að sér að fara yfir foreldrafélagsmöppuna og skrá þá viðburði sem foreldrafélagið sér um.

3. Bæklingur

Munum vinna að gerð bæklings fyrir heimasíðu skólans. Bæklingur inniheldur upplýsingar um foreldrafélagið og hlutverk þess. Stjórn tók að sér að gera drög að nýjum bæklingi sem fer síðan inn á heimasíðuna. Andrea mun senda fundargerð á Bylgju sem sér um að setja hana inn á heimasíðuna.

4. Leikrit í leiksskólanum

Það verður leikrit í leiksskólanum 21. nóvember á vegum foreldrafélagsins, leikritið Strákurinn sem týndi jólanum.

5. Jólabball

Jólabballið verður haldið 13. des. n.k. kl: 11:00. Rætt var í grófum dráttum um skipulag jólaballsins. Ræddum um gjöfina, Andrea ætlar að ræða við gítarleikara, Katla ætlar að ræða við jólasveinana, Jenný talar við Ásrúnu um að fá afnot af Hópsskóla, Aron útvegar kaffi og glös. Það á eftir að taka ákvörðun um hver sér um piparkökur, djús og mjólk.

Fundarritari: Andrea Karen Jónsdóttir